# Fjölmenningarráð í Hafnarfirði

-Ólafía Björk Ívarsdóttir-

Verkefnastjóri fjölmenningar



HAFNARFJÖRÐUR

# Hafnarfjörður

- Hafnarfjörður er fjölmenningarlegur bær. Um 14% íbúa er af erlendum uppruna og Hafnarfjarðarbær fagnar fjölbreytileikanum. Markmiðið að tryggja að allir geti verið virkir þátttakendur í samfélaginu og hljóti sanngjarna og réttláta meðferð óháð uppruna. Það er gert með því að leita eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila og/eða fagaðila við stefnumótun og ákvarðanatöku sem varðar sérstaklega einstaklinga með erlent þjóðerni eða uppruna.

- Verkefnastjóri fjölmenningar hjá Hafnarfjarðarbæ sem hefur það meginhlutverk að styrkja og efla fjölmenningarsamfélag Hafnarfjarðar. Styðja við erlenda íbúa, stuðla að öflugri tengingu við samfélagið, auka sýnileika fólks af erlendum uppruna og stuðla að bættri upplýsingagjöf til innflytjenda og starfsmanna bæjarins.

# Fjölmenningarráð

- Ráðið hefur verið starfandi frá 2017
- Í ráðinu eiga sæti 5 einstaklingar
- Fundar einu sinni í mánuði
- Fjölmenningarráð er með facebooksíðu
- Listi yfir þá sem eiga sæti í ráðinu er inni á https://www.hafnarfjordur.is/stjornsysla/rad-og-nefndir/



# Hlutverk fjölmenningarráðs

Fjölmenningarráðið er vettvangur samráðs bæjarbúa sem eru innflytjendur, félagasamtaka þeirra, atvinnulífs og bæjaryfirvalda og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Fjölmenningarráðið er ráðgefandi fyrir starfsemi Hafnarfjarðarkaupstaðar í málaflokknum og stuðlar að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu bæjarstofnana til bæjarbúa sem eru innflytjendur.



# Nokkrir punktar

- Lögð sé áhersla á að ná til foreldra af erlendum uppruna í foreldrastarfi og íslenskunámskeið standi til boða
- Tryggt sé að skólarnir hafi nægjanlegt fjármagn og verkfæri til að mæta þörfum barnanna, t.d. vegna íslenskukennslu og hafi aðgang að sérfræðingum í íslensku sem öðru máli.
- Hugtakalisti, á algengustu tungumálunum, verði aðgengilegur fyrir foreldra barna þegar skólaganga hefst í leik- eða grunnskóla
- Áhersla á fjölmenningu í skólum Hafnarfjarðar



# framhald

- Að móðurmálskennsla standi börnum af erlendum uppruna í boði, eða sjóður sem foreldrar barnanna geta leitað í.
- Í Hafnarfirði sé virk móttökuáætlun, t.d. samfélagsfræðsla fyrir nýja íbúa og íslenskunámskeið.
- Boðið verði uppá námskeið í menningarlæsi fyrir starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar.
- Fyrst eftir flutning til landsins fái börn frítt í frístundaheimili í sveitarfélaginu.



# Sérstakur sjóður sem styður við þátttöku barna í íþrótta- og tómstundastarfi

- Sjóður sem hefur 1.000.000 til umráða. Verkefnastjóri fjölmenningar sér um sjóðinn olafiab@hafnarfjordur.is

*,,Sjóðnum er ætlað að styrkja börn, af erlendum uppruna með lögheimili í Hafnarfirði, til þátttöku í íþrótta- og tómstundastarfi. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að aukinni virkni og þátttöku barna af erlendum uppruna með ýmsum hætti. Tilgangur sjóðsins er að gera börnum kleift að taka þátt í íþrótta- og tómstundastarfi, ferðum á vegum skóla og kaup á búnaði tengdum íþróttaiðkun, svo eitthvað sé nefnt, óháð efnahag fjölskyldna. Honum er ætlað að koma til móts við efnaminni fjölskyldur af erlendum uppruna í bæjarfélaginu í sérstökum aðstæðum með það að markmiði að auðvelda börnum af erlendum uppruna aðlögun að íslensku samfélagi,,*



# Upplýsingar

- Heimasíða á ensku
  https://www.hafnarfjordur.is/en

- Living in Hafnarfjörður er facebooksíða Hafnarfjarðar á ensku
  https://www.facebook.com/LivingInHafnarfjordur

**Verkefnastjóri fjölmenningar**
**Ólafía Björk Ívarsdóttir**
**olafiab@hafnarfjordur.is**